

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2015, 24. ágúst, var haldinn 21. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.35. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Heiða Björg Hilmisdóttir og áheyrnarfulltrúinn Gísli Garðarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Óskar J. Sandholt og Hreinn Hreinsson. Fundarritari var Ásta Guðrún Beck.

### Petta gerðist:

1. Kynntar eru tillögur og kostnaðaráætlun vinnuhóps um rafræna gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar. Halldóra Káradóttir tekur sæti undir þessum lið. (R15020166)

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir tillögur fjármálaskrifstofu um birtingu opinna gagna annars vegar og rafræna gagnagátt hins vegar. Erindreka gagnsæis og samráðs er falið að fylgja þeim eftir. Mælt er til að fjármálaskrifstofa leiti leiða til þess að inna verkefni sem skapast vegna tillagnanna af hendi með sem hagkvæmustum hætti. Tillögunum er vísað til borgarráðs til kynningar og samþykktar.

Samþykkt.

- Kl. 13:38 tekur Hildur Sverrisdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt er fram bréf frá forsætisnefnd dags. 19. júní 2015 ásamt drögum að reglum um framkvæmd íbúakosninga. Óskað er eftir umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs (R14090207). Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir að fela erindreka gagnsæis og samráðs að vinna drög að umsögn ráðsins.
3. Fram fer umræða um tilraunakosningar með svokölluðu Scytl-kosningakerfi.
4. Lögð er fram hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík dags. 31. júlí 2015 sem erum lífið einfaldara.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir að mikilvægt sé að hafa samráð við íbúa í sem flestum ákvörðunum borgarinnar. Það sjónarmið birtist m.a. í nýsamþykktri upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar en þar segir að leitað sé með skipulegum hætti eftir viðhorfum, skoðunum og væntingum borgarbúa og hagsmunaðila.

Samþykkt.

5. Kynnt er fundadagatal ráðsins fyrir næsta starfsár.
6. Fram fer umræða um efni og staðsetningu næsta opins fundar hjá stjórnkerfis- og lýðræðisráði sem áætlað er að fari fram í nóvember nk.
7. Kynnt er yfirlit mála sem tekin hafa verið fyrir í stjórnkerfis- og lýðræðisráði á síðasta starfsári.

### Fundi slitið kl. 15:11

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir  
Heiða Björg Hilmisdóttir

Hilmar Sigurðsson  
Hildur Sverrisdóttir